

Fiskimjölið gerir gæfumuninn við fóðrun mjólkurkúa.

Mörg íblöndunarefni sem eiga að bæta fóðrun hámjólka kúa eru ekki að skila þeim árangri sem vænst hefur verið, þetta sýna nýjustu rannsóknir á fóðrun. Í sumum tilfellum eru þessi efni því að gera fóðrið dýrara án þess að verið sé að auka fóðurgæðin.

Við fóðrun mjólkurkúa skipta gæði og rétt efnasamsetning fóðursins miklu máli. Því er mikilvægt að bændur hugi vel að vali á kjarnfóðri á hverjum tíma til samræmis við gæði þess gróffóðurs sem gefið er. Það er löngu þekkt staðreynd að notkun á fiskimjöli við framleiðslu á kúafóðri hefur þar mikil áhrif og um leið það sem gefur Íslensku kjarnfóðri sérstöðu umfram innflutt kjarnfóður. En eins og þekkt er er notkun fiskimjöls ekki heimil í ESB við framleiðslu á kjarnfóðri.

Á undanförunum árum hefur margt verið reynt til að ná fram áhrifum sem líkja má við fiskimjölið, eins og notkun á tormeltu sojapróteini og ýmsum íblöndunarefnum sem eiga að hafa áhrif á örveruflóruna og auka þannig nýtingu fóðursins til mjólkurframleiðslu.

Fiskimjölið sem hágæða hráefni er dýrt og því erfitt að keppa á verðum með fóðri sem inniheldur mikið fiskimjöl við ódýrari fóðurgerðir. Til að svara innflutningi á tilbúnu kjarnfóðri setti Bústólpi á markað Bústólpi DK16 fóðurblönduna sem inniheldur sojamjöl í stað fiskimjöls sem aðalpróteingjafa og nú síðar próteinhærri blöndu Bústólpi DK20. Þessar fóðurblöndur hafa um margt reynst vel en þegar þær eru notaðar reynir meira á gæði gróffóðursins en ella sé um hámjólka kýr að ræða.

Nú í haust hafa mælingar á heyjum almennt því miður verið að gefa til kynna að heyið er frekar rýrt og því mikilvægt að gefa gott kjarnfóður með í réttu magni til að missa ekki niður nyt eða efnainnihald mjólkurinnar. Við hjá Bústólpa viljum því hvetja bændur og ráðunauta til að gæta vel að þessu við val á fóðri og mælum eindregið með fóðurblöndum sem innihalda ríkulegt magn af fiskimjöli. Af okkar fóðri teljum við að við þessar aðstæður henti Alhliðablöndan 16% og SP-köggjar 19% best sem fóður fyrir hámjólka kýr, en þar er fiskimjölsinnihaldið annarsvegar 9,5% og hinsvegar 13%. Er þetta mun hærra en þekkest í fóðurblöndum sem sérstaklega eru markaðssettar fyrir hámjólka kýr eins og t.d. Hányt 17 frá samkeppnisaðilanum sem einungis inniheldur 4,5% fiskimjöl.

Ef þörf er á meira en 16% hrápróteini í fóðri eins og í Alhliðablöndunni er Orkublandan góður kostur, en hún er 20% í hrápróteini og inniheldur 14% fiskimjöl. Við minni próteinþörf í fóðri mælum við með Lágpróteinblöndunni, sem er 12% í próteini og inniheldur 9,5% fiskimjöl.

Nýjustu rannsóknir á íblöndunarefnum, bæði húðuðum fitusýrum eins og t.d. Energizer RP10 og MagnaPack og einnig gerafurðum undir ýmsum merkjum sem byggja á *Saccharomyces cerevisiae* geri gefa því miður til kynna að áhrifin á mjólkurmagn og efnainnihald eru lítil eða engin. Þar sem þetta eru dýr íblöndunarefni gerir það að verkum að fóðrið verður til muna dýrara, jafnvel þó gengið hafi verið mjög á innihald þess af fiskimjöli. Við hjá Bústólpa höfum fylgst vel með þeirri þróun sem á sér stað á þessum markaði og velt því fyrir okkur hvort rétt væri að nýta einhver þessara efna við fóðurgerðina.

Niðurstaða okkar nú er sú að svo sé ekki þar sem þessi íblöndun sé alls ekki að skila því sem henni er ætlað.

Nýjustu hlutlausar rannsóknir á YeaSacc1026 íblöndunarefninu sem birtar hafa verið í Animal Feed Science sýna ótvírætt að engin áhrif eru af notkun gersins eða eins og segir þar í lokaniðurstöðum: „There were no difference in dry matter intake, body weight, gain and milk yield. Milk composition for the two groups were also similar“ (1). Sambærilegar rannsóknir á fóðrun sauðfjár hafa einnig verið birtar í tímaritinu Livestock Production Science með þeirri niðurstöðu að gerið hafi engin jákvæð áhrif (2).

Húðaðar fitusýrur á hinn bóginn eru ágætt hráefni og eru tormeltar og fara því í gegnum vömbina og auka þannig möguleika þess að koma meira magni fitu (orku) í fóðrið án þess að hafa neikvæð áhrif á örveruflóruna. Af þeim sökum er þetta hráefni sem kemur vel til álita að nota í fóður hjá Bústólpa. Nýjustu rannsóknir eru samt því miður á þá leið að hvorki sé unnt að auka mjólkurmagn kýrinnar eða efnainnihald á þennan hátt. Það eina sem er mælanlegt samkvæmt þessum rannsóknum er að fóðurlaustaka minnkar örlítið án þess að það komi niður á mjólkurmagn eða efnainnihaldi. Niðurstaða rannsóknarinnar, sem er stór hlutlaus rannsókn, sem bíður birtingar í 154 tbl. Animal Feed Science er eftirfarandi: „these results indicate that supplementation of early lactating diet with rumen protected fat decreases feed intake but without altering milk production and body weight, thus improved milk efficiency“ (3).

Af þessum sökum hvetjum við bændur til að gera samanburð á efnainnihaldi fóðurs og verði þegar ákvörðun er tekin um kaup á kjarnfóðri. Við hjá Bústólpa kvíðum ekki slíkum samanburði þar sem við vitum að við erum að bjóða hámarksgæði fóðurs fyrir lágmarksverð til íslenskra bænda.

Meðfylgandi eru innihaldslýsingar á nokkrum af helstu fóðurlöndum Bústólpa ásamt verðlista. Einnig fylgja með upplýsingar um steinefnablöndur og saltsteina, en aðgangur að slíku er mikilvægur til að tryggja hámarks afköst gripanna og heilsufar.

Með bestu kveðju

Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri

Tilvitnanir:

- 1) Effect of feeding yeast culture (Yea-sacc1026) on rumen fermentation in vitro and production performance in vitro and production performance in crossbred dairy cows, Animal Feed Science Technology 57 (1996) 247-256
- 2) Effect of feeding yeast culture (Yea-sacc1026) on rumen fermentation in vitro and production performance in vitro and production performance in crossbred dairy cows, Animal Feed Science Technology 57 (1996) 247-256
- 3) Effects of protected fat supplements on production of early lactation Holstein cows, Animal Feed Science and Technology 154 (2009) 276-283